



STJÓRN MÁLAFRÆÐI

Grunnám
hi.is/stjornmalafraedi

Hvers vegna stjórnmálafræði?

Stjórnmálafræði er víðfeðmt fræðasvið sem undirbýr þig fyrir störf þar sem krafist er yfirgripsmikillar þekkingar á íslensku samfélagi og stjórnmálum; gangverki hins opinbera, hvort sem er á Íslandi eða erlendis; og samskiptum ríkja á alþjóðavettvangi.

Í náminu kynnist þú kenningum og rannsóknum í stjórnmálafræði á mikilvægustu áskorunum 21. aldarinnar, á borð við hnattræna hlýnun, stríðsátök, fátækt og ójöfnuð, jafnrétti og þróun lýðræðis á Vesturlöndum.

Þú færð jafnframt góða þjálfun í greiningu á ólíkum viðfangsefnum, ritun texta, úrvinnslu tölulegra gagna og gagnrýnni hugsun. Að námi loknu verður þú með þekkingu, færni og tengslanet sem gerir þér betur kleift að skilja hvernig hugmyndir, hagsmunir og stofnanir móta stjórnmál í lýðræðisríkjum og hvernig stuðla megi að úrlausn stærstu áskorana samtímans.

Hvar vinna stjórnmálafræðingar?

Að loknu námi fást stjórnmálafræðingar við fjölbreytt störf. Samkvæmt nýlegri könnun meðal útskrifaðra stjórnmálafræðinga vinna um fjórir af hverjum tíu margs konar sérfræðingsstörf hjá hinu opinbera eða í einkafyrirtækjum, til dæmis við verkefnastjórnun, ráðgjöf og stefnumótun. Því til viðbótar starfar um sjötti hver útskrifaður við upplýsingavinnslu og -miðlun, t.d. á fjölmiðlum, og svipað hlutfall er í stjórnunarstörfum hvers konar. Loks má nefna að um einn af hverjum tíu sem ljúka BA-námi í stjórnmálafræði starfa við alþjóðasamskipti, t.d. hjá utanríkisþjónustunni eða alþjóðastofnunum.

Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni töldu nám í stjórnmálafræði hafa komið sér frekar eða mjög vel á sínum starfsferli. Í samanburði við aðrar greinar félagsvísindanna njóta þeir sem eru nýlega útskrifaðir úr Stjórnmálafræðideild góðra launa og hafa oft mannaforráð.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/stjornmalafraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD

Fjölbreytt nám sem opnar dyr



Í stjórnmálafræði taka nemendur fjölbreytt námskeið. Þar má nefna:

- Samanburðarstjórnmál
- Stjórnmálakeningar
- Opinber stjórnsýsla
- Alþjóðastjórnmál
- Opinber stefnumótun
- Stjórnmálapátttaka
- Aðferðafræði
- Kynja- og margbreytileikafræði

Þeim sem velja stjórnmálafræði til 180 ECTS býðst jafnframt að taka ýmis valnámskeið sem dýpka þekkingu þeirra á stjórnmálalegum viðfangsefnum. Nemendur geta líka tekið stjórnmálafræði til 120 ECTS eða til 60 ECTS samhliða öðru námi innan Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið má finna í kennsluskrá Háskóla Íslands og á heimasíðu námsins <https://www.hi.is/stjornmalafraedi>.

Skiptinám erlendis

Það er vinsælt meðal stjórnmálafræðinema að dvelja eitt misseri í skiptinámi erlendis. Nemendur hafa stundað nám við þekktu háskóla víðsvegar í Evrópu, Bandaríkjunum, Ástralíu og í Asíu. Skiptinámið eykur vísýni nemenda og skilar þeim mikilvægri reynslu sem nýtist beint og óbeint í námi og starfi. Upplýsingar um skiptinám má finna á vef Skrifstofu alþjóðasamskipta <https://www.hi.is/skiptinam>.

Námsferðir til útlanda

Stjórnmálafræðinemar fara árlega í námsferð annað hvort til Brussel eða til Washington og New York til að kynna sér m.a. starfsemi NATO, EFTA, Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, bandaríska þingsins og íslensku sendiráðanna.

Framhaldsnám að námi loknu?

Nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands veitir góðan grunn fyrir framhaldsnám hvort sem er á einhverju sviði stjórnmálafræðinnar eða í tengdum greinum s.s. viðskiptagreinum og stjórnun.

Skemmtilegt félagslíf

Félagslífið við deildina er öflugt. Politica, félag stjórnmálafræðinema við Háskóla Íslands, er eitt virkasta nemendafélagið innan skólans. Það stendur fyrir margs konar viðburðum. Sem dæmi má nefna:

- Nýnemadaga
- Vísindaferðir og árshátíð Politica
- Dag stjórnmálafræðinema
- Útgáfu Íslensku leiðarinnar, tímarits stjórnmálafræðinema

Inntökuskilyrði

Til að hefja BA-nám í stjórnmálafræði þurfa nemendur að hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilegt próf frá erlendum skóla.

Umsóknarfrestur í BA-nám er 5. júní og 30. nóvember ár hvert. Sótt er um á vef Háskóla Íslands, www.hi.is.

Nánari upplýsingar má finna á: hi.is/stjornmalafraedi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD